

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 11. ágúst 2017  
UST201707-143/P.B.S.  
10.04.02

### **Efni: Breyting á Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022**

Vísað er til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 12. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Ástæða breytingar er að fyrirhugað er að reisa fjölbýlishús með allt að 18 íbúðum, sem krefjast hærra nýtingarhlutfalls.


#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að breyta aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir götureit innan íbúðarsvæðis Í5 á Kveldúlfsgötu og hækka nýtingarhlutfall úr 0,5 í 1,0. Götureiturinn er í eigu einkaaðila. Í greinargerð kemur fram að í götunni er bæði íbúðabyggð með einbýlishúsum, tví- og þríbýli og fjölbýlishús og því mun fyrirhuguð uppbygging samræmast þeirri byggð. Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé að hluta til á landfyllingu og strandlengjan því nú þegar röskuð. Í greinargerð kemur fram að breytingin muni ekki hafa áhrif á náttúruafar.


#### **Umsögn**

Umhverfisstofnun tekur undir þau áform um að ganga vel frá bökkum uppfyllingar á þann hátt að það feli í sér að fjölbreytileiki plöntu og dýralífs aukist og aðgengi að fjöru verði tryggt.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að uppbygging byggðar sé innan bæjar og gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur